

From: [Þuríður María Guðmundsdóttir](#)
To: [Íbúaráð Vesturbær](#); [Vesturbæjarlaug](#); [skipulag@veitur.is](#)
Subject: Norðurstígsreitur - Ægisgata 7 - USK24090343 - Auglýsing
Date: miðvikudagur, 18. desember 2024 09:11:05
Attachments: [image001.png](#)
[image002.png](#)

Góðan dag,
Það tilkynnist hér með að auglýsing að breytingu á deiliskipulagi vegna Norðurstígsreitur - Ægisgata 7 - USK24090343, birtist í Morgunblaðinu og Lögbirtingablaðinu, fimmtudaginn 28. nóvember sl. Tillagan er í kynningu frá 28. nóvember 2024 til og með 15. janúar 2025. Gögn er hægt að skoða á síðunni, skipulagsgátt.is. Sjá eftirfarandi slóð: <https://skipulagsgatt.is/issues/2024/1431>

Í samræmi við 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, er hér með auglýst tillaga að breytingu á deiliskipulagi í Reykjavík.

Norðurstígsreitur - Ægisgata 7

Á fundi umhverfis- og skipulagsráðs þann 13. nóvember 2024 og borgarráðs Reykjavíkur þann 21. nóvember 2024 var samþykkt að auglýsa tillögu að breytingu á deiliskipulagi Norðurstígsreits vegna lóðarinnar nr. 7 við Ægisgötu. Í breytingunni sem lögð er til felst að heimilt verði að nýta húsið fyrir gististarfsemi í stað fjölbýlishúss af tegundinni hótél eða stærra gistiheimili, í flokki IV. Fallið verður frá því breyta kjallara í bílageymslu, en þar er gert ráð fyrir hótélherbergjum og stoðrymum. Fallið verður frá því að byggja inndregna hæð ofan á húsið, en heimilt verður að útbúa þakverönd sem fella skal inn í uppstólað þakið. Í stað svalagangs á bakhlið framhúss verður heimilt að byggja dýpri viðbyggingu, svo framarlega sem hluti jarðhæðar og kjallara bakbyggingar verði rifinn. Lyftu- og stigahús skal ná upp á áður nefnda þakverönd og verður fallið frá því að byggja svalir á götuhlið byggingarinnar, m.a. til að varðveita upprunalegt yfirbragð hennar. Auk þess verða lóðirnar að Nýlendugötu 9 og Ægisgötu 7 sameinaðar í eina lóð. Nánar um tillöguna vísast til kynningargagna.

Tillöguna má nálgast á vefnum, www.skipulagsgatt.is. Einnig má nálgast tillöguna hjá þjónustufulltrúa í þjónustuveri Reykjavíkurborgar að Borgartúni 12-14, 1. hæð, mánudaga til fimmtudaga kl. 8:30–16:00 og föstudaga kl. 8:30–14:30 **frá 28. nóvember 2024 til og með 15. janúar 2025**. Eru þeir sem telja sig eiga hagsmuna að gæta hvattir til að kynna sér tillöguna. **Ábendingum og athugasemdum við tillöguna skal skila í gegnum skipulagsgáttina eigi síðar en 15. janúar 2025**. Ef óskað er eftir frekari upplýsingum um tillöguna er hægt að senda tölvupóst á skipulag@reykjavik.is.



Með kveðju,
Þuríður María Guðmundsdóttir

skrifstofufulltrúi

Sími: +354 411 1111

Skrifstofa skipulagsfulltrúa
Umhverfis- og skipulagssvið Reykjavíkurborgar
Borgartúni 12–14
105 Reykjavík
Reglur um trúnað í tölvupóstsamskiptum: www.reykjavik.is/trunadur

Leiddu hugann að umhverfinu áður en þú prentar út þennan tölvupóst. Prentaðu á báðar hliðar í svarhvítu ef nauðsyn krefur.